

Brunavarnir

Fari brunabjalla í gang fara nemendur í raðir í stofunum sínum og kennari fylgir þeim stystu leið út úr byggingunni. Hringi brunabjallan þegar nemendur eru í mat eða frímínútum fara nemendur sjálfir í anddyri sundlaugar og starfsmenn á svæðunum tryggja að allir rými svæðið. Hóparnir safnast saman í anddyri sundlaugar og bíða þess að fá frekari fyrirmæli. Sá starfsmaður sem fylgir hópnum gætir þess að allir séu komnir og gerir stjórnendum viðvart ef einhvern vantar.

Tilkynning um eldsvoða:

- **Sá sem verður var við eld þrýstir á næsta brunaboða.**
- Tafla á miðrými sýnir hvar eldur er í húsinu.
- Skólaliðar yfirfara svæði í samráði við skólastjóra.
- Ritari hringir í 112.
- Ef skólaliðar eru í kaffi þegar bjallan glymur á hver að hlaupa í miðrými skólans.

Fölsk tilkynning:

Ef augljóst er að brunaboðinn hefur gefið falska tilkynningu: (t.d. grill í miðrými eða vegna iðnaðarmanna).

- Yfirmaður tekur ákvörðun um að aflýsa hættuástandi, **skólastjóri/ aðstoðarskólastjóri/húsvörður**
- Skólaliðar aðstoða stjórnanda við að tilkynna að ekki sé lengur hættuástand.
- **Yfirvöldum tilkynnt um að hættuástand sé ekki yfirvofandi.**

Rýmingaráætlun A – Sjá teikningu¹ til glöggvunar

- **Kennarar koma nemendum tafarlaust í röð** og í bláa plastskó.
- **Gá hvað er um að vera**, taka nafnalista úr plasthólfum við dyr.
- **Skólaliðar fara á gangana og tilkynna um hættuástand.**
- Koma nemendum út með aðstoð stuðningsfulltrúa (ef hann er til staðar).
- Þegar stofan hefur verið tæmd er nafn kennara og bekk **skrifað á hurðina** með töflukrit/töflutúss til merkis um að stofan sé tóm.
- **Farið er út um enda á göngum** nema nemendur í stofum 1, 2 og handmenntastofu og 4 (álma 2) fara út um miðrými og í gegnum tunnu (vesturútgang) og stofum 11, 12, 13, 14, 15 og 16 (álma 1) 21 og 26 (efri hæð) sem fara út í gegnum miðrými og suðurinnangang.
- Í öllum tilfellum eiga þeir sem eru í miðrými að **fara út um þann útgang sem er næstur** þeim og ekki er teptur.
- Koma á nemendum út á skipulegan og yfirvegaðan hátt.
- Nemendur ganga rösklega út og **hafa hljótt**.
- Eftir að skólinn hefur verið rýmdur fara skólaliðar yfir hvern gang og athuga hvort allar stofur hafi örugglega verið rýmdar.
- Aðstoðarskólastjóri tekur með sér forfallalista dagsins og fer með hann í sundlaug þannig að ljóst sé hverjir eru í leyfi eða veikir.
- Nemendum er safnað saman í miðrými sundlaugar. Þar fara þeir í bekkjarraðir.
- Hver kennari stendur hjá sínum hópi með nafnalista og fer yfir hvort allir séu á sínum stað. Mikilvægt er að allir hafi hljóð. Kennari gefur stjórnanda á staðnum merki um hvort allir séu komnir, grænt spjald séu allir á staðnum, rautt ef einhvern vantar.
- Stjórnandi lætur skólastjóra/húsvörð vita hverja vantar.

¹ Teikningar hanga upp á vegg í hverri stofu/rými

Rýmingaráætlun B – Sjá teikningu² til glöggvunar

Hindri eldur útgöngu á gafli er farið út um miðrými:

- Farið er í miðrými og út um þann útgang sem næstur er álmunni (heimastofu).
- Að öðru leiti eins og plan A.
- Eftir að skólinn hefur verið rýmdur fara skólaliðar yfir hvern gang og athuga hvort allar stofur hafa verið örugglega rýmdar.
- Aðstoðarskólastjóri tekur með sér forfallalista dagsins og fer með hann í sundlaug þannig að ljóst sé hverjir eru í leyfi eða veikir.
- Nemendum er safnað saman í miðrými sundlaugar. Þar fara þeir í bekkjarraðir.
- Hver kennari stendur hjá sínum hópi með nafnalista og fer yfir hvort ekki séu allir á sínum stað. **Mikilvægt er að allir hafi hljóð. Kennari gefur stjórnanda á staðnum merki um hvort allir séu komnir, grænt spjald séu allir á staðnum, rautt ef einhver vantar.**
- Stjórnandi lætur skólastjóra / húsvörð vita hverja vantar.

Rýmingaráætlun C – Sjá teikningu³ til glöggvunar

- Ef allar bjargir eru bannaðar er farið út um glugga í viðkomandi stofu. Að öðru leiti eins og plan A.
- Eftir að skólinn hefur verið rýmdur fara skólaliðar yfir hvern gang sem greiðfær er og athuga hvort allar stofur hafa verið örugglega rýmdar. Slökkviliðsmenn fara þá ganga sem ekki eru greiðfærir.
- Aðstoðarskólastjóri tekur með sér forfallalista dagsins og fer með hann í sundlaug þannig að ljóst sé hverjir eru í leyfi eða veikir.
- **Nemendum er safnað saman í miðrými sundlaugar.** Þar fara þeir í bekkjarraðir.
- Hver kennari stendur hjá sínum hópi með nafnalista og fer yfir hvort ekki séu allir á sínum stað. **Mikilvægt er að allir hafi hljóð. Kennari gefur stjórnanda á staðnum merki um hvort allir séu komnir, grænt spjald séu allir á staðnum, rautt ef einhver vantar.**
- Stjórnandi lætur skólastjóra / húsvörð vita hverja vantar.

Skipulag utandyra

Starfsfólk eldhúss fer út á götu og lokar henni við báðar gangbrautir þannig að nemendur eigi greiða leið í andyri sundlaugarinnar. Starfsfólk fer í gul vesti til að vera vel sýnilegt.

Taka þarf á móti slökkviliði / sjúkraliði og greina frá aðstæðum hverju sinni. [Sá sem hefur upplýsingar / ritari / stjórnandi / starfsfólk eldhúss].

Þegar rýmingu er lokið skal stjórnandi láta yfirmann slökkviliðs [Gulur hjálmur] vita þegar í stað.

Fyrsta þrep

- Hindra að nemendur fari af vettvangi.
- Koma öllum í skjól fyrir kulda /bleytu – andyri sundlaugar fyrsti kostur.
- Koma á samskiptum: foreldrar - [Símakerfi sundlaugar]
- Hindra aðgang að nemendum: blaða- og fréttamenn.
- Samstarf við lögreglu.

Annað þrep

- Hlúa að nemendum og róa þá. Útvega vatn.
- Skráning – [Hver kennari fyrir sig] **Mikilvægt að hafa allar upplýsingar skriflegar.**

Hafi nemendur horfið af vettvangi

- Ná sambandi við foreldra/forsjáraðila – Sími - Ritari
- Ná sambandi við nemenda – Sími - Ritari

Ritari: Hafi möppu með öllum nauðsynlegum upplýsingum á skrifstofu til að grípa með sér.

² Teikningar hanga upp á vegg í hverri stofu/rými

³ Teikningar hanga upp á vegg í hverri stofu/rými

Framkvæmdaáætlun fyrir hvert skólaár:

- Kynna áætlun á starfsmannafundum og fyrir öllum þeim aðilum sem nýta húsið með skólanum s.s. Skólahljómsveit Grafarvogs, Frístundaheimili og Brúarhúsum og leikskóla.
- Kennarar/starfsfólk fer sjálft leiðina út úr sinni stofu/rými (eru ekki í kennslu).
- Kennarar ganga með bekkinn leiðina út úr stofunni.
- Brunaæfing 1, ákveðinn dagur eða tími að hausti.
- Brunaæfing 2 ákveðinn dagur/ tími óákveðinn.
- Gagnrýni og betrubætur ræddar á starfsmannafundi.

Slys og náttúruhamfarir

- Skólastjóri/áfallaráð afli upplýsinga um á hvern hátt atburðurinn tengist skólanum.
- Athuga þarf hvort nemendur eiga nána ættingja meðal fórnarlamba og þurfa að fá fregnina sérstaklega (sjá áfallaáætlun).
- Haft verður samband við viðeigandi upplýsingamiðstöð t.d. lögreglu, almannavarnir, Miðgarð, heilsugæslu eða RKÍ.

Tilvísanir

Lög um grunnskóla (nr.91/2008)

Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila í skólasamfélagasins í grunnskólum nr. 1040/2011.

Reglugerð um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendru í grunnskólum og rétt foreldra til aðgans að upplýsingum um börn sín nr. 897/2009.

Barnaverndarlög nr. 76/2003.

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

Upplýsingalög nr 140/2012.

Stjórnsýslulög nr. 37/1993.

Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.

Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011.

Lögum um almannavarnir (nr. 82.2008 og nr. 660/2009).

Reglugerð um vinnuvernd (nr. 1150/2002).

Lögum um heilbrigðisþjónustu (nr. 40/2007).

Reglugerð um brunavarnir (Nr. 1122/2017).

Lög um öryggi og heilbrigði við vinnu (Nr. 36/1986).